

Verkefni STJÓRNARFUNDUR VJP	Efni fundar 107. stjórnarfundur Símafundur	Síða 1 af 2	
Dags. fundar 10.apríl 2017	Tími 14:00	Staður Símafundur	Nr. Fundar 107
Fundarboðandi	Fundarritari Ruth Magnúsdóttir	Dags. ritunar 10.04.17	
Fundarmenn Ármann Höskuldsson, Björn Ingi Jónsson, Snorri Ingimarsson, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ruth Magnúsdóttir, Óli Halldórsson, Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri, Valbjörn Steingrímsson fjármálastjóri			
Boðuð forföll: Sigmundur Einarsson og Guðrún Jónsdóttir eru fjarverandi			

Dagskrá:

1. Samþykki dagskrár
2. Gjaldskrá Vatnajökulsþjóðgarðs 2017
3. Önnur mál

1. Formaður setti fund og bar upp dagskrá. Ekki gerðar athugasemdir við hana.
2. Gjaldskrá Vatnajökulsþjóðgarðs 2017.

Lögð fram drög að gjaldskrá þjóðgarðsins. Umræður um gjald fyrir veitta aðstoð. Formaður svæðisráðs á norðusvæði og fulltrúi útivistarsamtaka bóka varðandi gjald fyrir veitta aðstoð, að tryggt verði að gjaldið eigi ekki við um minniháttar aðstoð við gesti þjóðgarðsins.

Fulltrúi útivistarfélaganna leggur fram eftirfarandi tillögu:

Heimilt verði að veita félagasamtökum allt að 30% afslátt fyrir félagsmenn þeirra af gistingu í skálum þjóðgarðsins á hálendinu.

Rökstuðningur:

Hefð er fyrir því að félagasamtök sem veita gistiþjónustu á hálendinu veiti félögum hvers annars veglegan afslátt á gistigjöldum. Þetta er til marks um þá samvinnu og bræðralag sem hefur ríkt meðal þeirra sem ferðast mikið um hálendið. Eftir að VJP hóf rekstur á gistingu hefur borið á nokkuð gagnrýni á VJP fyrir að taka ekki þátt í þessu samspili. Óformlegum fyrirspurnum okkar varðandi þetta málefni hefur verið svarað með þeim rökum að slíkt sé ekki heimilt og þyrfti að fara í reglugerð. Nú er kjörið tækifæri til að bæta úr því.

Björn Ingi Jónsson yfirgaf fundinn kl. 14:47

Vatnajökulsþjóðgarður – Fundargerð stjórnar

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Formaður ber drög að gjaldskrá fyrir Vatnajökulsþjóðgarð fyrir árið 2017 undir atkvæði.
Gjaldskráin er samþykkt samhljóða.

3. Önnur mál eru engin.

Fundi slitið kl. 15:03